



OECD-FAO Agricultural Outlook 2009

Summary in Icelandic

Horfur OECD-FAO um landbúnaðarmál 2009

Útdráttur á Íslensku

Horfurnar í stuttu máli

- Þjóðhagfræðilegt umhverfi það sem liggur að baki þessum horfum til meðallangs tíma, sem byggir á hagspám OECD og Alþjóðabankans til meðallangs tíma, frá því í desember 2008, heldur áfram að þróast hratt vegna fjármála- og efnahagskreppunnar sem enn ríkir. Vegna óróleikans í efnahagssumhverfinu verður að túlka grunngildi áætlana með varúð. Möguleg áhrif af versnandi efnahagskreppu á grunngildin hafa verið greind bæði eigindlega og megindlega í þessari skýrslu, en horfurnar taka ekki tillit til heildaráhrifa lánsfjárgreppunnar í heiminum eða efnahagssamdráttar á landbúnaðarmarkaði.

- Vegna kröftugri viðbragða við framboði landbúnaðarvara í fyrra, einkum í þróuðum löndum, og mikið lægra olíuverð hefur vöruverð lækkað verulega frá því það var hæst 2007-8. Áframhaldandi veikleiki í hagkerfinu almennt mun lækka vöruverð enn frekar á næstu 2-3 árum, sem mun síðan styrkja efnahagsbatann.

- Ástandið er mismunandi eftir vörum en meðalverð í rauntölum (leiðrétt fyrir verðbólgu) á næstu 10 árum er enn áætlað það sama eða hærra en það var á áratugnum fyrir hæstu tölur á tímabilinu 2007-8. Áætlað er að meðalverð uppskeru verði 10-20% hærra að raunvirði miðað við 1997-2006, á meðan reiknað er með að raunverð á

jurtaolífum verði rúmlega 30% hærra.

- Ekki er búist við að raunverð á kjöti fari upp fyrir meðaltalið 1997-2006, en minni tekjur neytenda við upphaf tímabilsins sem áætlunin nær til munu verða til þess að hvetja neytendur til að skipta yfir í ódýrara kjöt, velja alifuglakjöt í stað nautakjöts. Búast má við að meðaldagverð á mjólkurvörum muni verða lítið eitt hærra að raunvirði 2009-18 en 1997-2006, en sú hækkun kemur til vegna hærra verðs á orku og jurtaolíu og mun 12% hærra meðalverð á smjöri vera þar einna mest áberandi.

- Þrátt fyrir veruleg áhrif fjármálakreppunnar í heiminum og niðursveiflu í öllum atvinnugreinum, er búist við að landbúnaði muni vegna betur en öðrum atvinnuvegum þar sem tekjur hlutfallslega háar og matvælaeftirspurn ónæg fyrir tekjustigi tímabilið á undan.

- Hnattrænt útlit í efnahagsmálum er nú svartara en fyrr á þessu ári þegar þessar horfur voru teknar saman. Þess vegna er í horfunum sérstök áhersla á hve vel landbúnaðar þolir efnahagssamdrátt. Greiningin gefur til kynna að lækkun verðs í landbúnaði, framleiðslu og neyslu, sem tengd er lægri tekjum verði í meðallagi svo fremi að efnahagsbati hefjist innan 2-3 ára.

- Með þessari sérstöku áherslu fæst mat á enn dýpri og lengri samdrætti með lægri landsframleiðslu og tekjum en eru í grunnildum horfanna. Áhrifin verða alvarlegust á spurn eftir kostnaðarmeiri búfjárafurðum eins og nautakjöti, svínakjöti og mjólkurvörum. Verð á nautakjöti yrði um 9% lægra en grunnildin gera ráð fyrir. Lækkun á verði uppskeru og lífoldsneytis sem tengd er áætlaðri lækkun landsframleiðslu var aðeins um helmingur þess sem gildi um búfjárafurðir. Af kornvörum var það verð á maís sem var næmast fyrir minni landsframleiðslu, sem endurspeglar að hann er aðallega notaður í fóður en ekki lífoldsneyti.

- Hluti af ofangreindri áherslu er könnun á áhrifum af öngþveitinu á fjármálamörkuðum og efnahagskreppunni á fyrirtæki í landbúnaði, allt frá birgjum til smásölu. Iðngreinin virðist standa kreppuna nokkuð vel af sér enn sem komið er. Engu að síður eru frálíggjandi iðngreinar í vandræðum með aðgang að lánsfé. Hömlur á fjármögnun viðskipta hafa veruleg áhrif á fyrirtæki og ef aðhald á lánsfjármörkuðum heldur áfram gæti lífvænleiki fyrirtækja verið í hættu. Aðgangur að lánsfé var talinn lyklatríðið, einkum meðal minni fyrirtækja í framleiðslu matvæla úr landbúnaði bæði í OECD-löndum og öðrum löndum sem könnuð voru.

- Með áherslunni var einnig skoðað hve næmt verð í landbúnaði er fyrir hráolíuverði. Verð fyrir orku og í landbúnaði eru orðin miklu háðari innbyrðis með iðnvæðingu landbúnaðar, meiri vinnslu og auknum flutningum, ásamt tilkomu lífoldsneytisgeirans (einkum með fóður eins og maís, olúfræ og sykur). Hráolíuverð er afar sveiflukennt og sumar spár eru talsvert fyrir ofan það sem notað er í þessum horfum.

- Verð á hráolíu til meðallangs tíma, sem gengið er út frá fyrir

grunnildið, er um 60% hærra en raunmeðaltalið 1997-2006, og hækkar lítillega, í 70 bandaríkjadali á tunnu, í lok tímabilsins. Ef hráolíuverð á tunnu myndi hækka í 90 til 100+ bandaríkjadali, eins og gert var ráð fyrir í *Horfum* síðasta árs, myndi verð í landbúnaði hækka verulega og áhrifin yrðu mest á uppskeruna, en orsakirnar fælust aðallega í minni uppskeru með hærri kostnaði aðfanga, en einnig aukinni eftirspurn eftir fóðri í lífoldsneyti.

- Markaðir fyrir lífoldsneyti þurfa í vaxandi mæli að treysta á notkun sem yfirvöld kveða á um, en framtíðarhorfur eru óvissar, einkum vegna ófyrirsjáanlegra þátta eins og leitni hráolíuverðs, breytinga á stefnumarkandi inn gripum og þróunar nýrrar tækni. Lífoldsneyti mun halda áfram að berjast við að keppa við tiltölulega lágt verð á jarðefnaeldsneyti á meðan hráolíuverð helst á bilinu 60-70 bandaríkjadali eins og gert er ráð fyrir í meginhluta þessara *Horfa*, jafnvel þó lífoldsneyti njóti stuðnings opinberrar stefnu um að renna skuli stöðum undir verðlagningu og framleiðslu etanóls og lífdísils. Áætluð hröð aukning framleiðslu lífoldsneytis til að mæta fyrirmæltri notkun mun halda áfram að ýta undir verðhækkun á fóðri á borð við hveiti, maís, olíufræ og sykur.

- Þegar efnahagsbati hefst mun megnið af aukinni landbúnaðarframleiðslu og neyslu halda áfram koma frá þróunarlöndum. Þetta kemur skýrast fram í framleiðslu búfjárafurða þar sem megindrifkrafturinn er tekjur og fólksfjölgun, ásamt tilhneigingu í átt til mataræðis ríkara af dýrapróteini og áframhaldandi þéttbýlisþróun.

- Það á við um flestar verslunarvörur að áætlaður vöxtur á inn- og útflutningi flestra þróunarlanda er meiri en á OECD-svæðinu. Áframhaldandi aukning viðskipta á milli þróunarlanda er helsta einkenni þessarar útgáfu af *Horfum*. Engu að síður munu OECD-lönd áfram einoka útflutning hveitis, grófs korns og allra mjólkurvara.

- Lykiláhersla í útgáfu *Horfanna* í fyrra var mikil hækkun matvöruverðs í tengslum við hækkandi verð á verslunarvörum. Á meðan verð á verslunarvörum hefur lækkað síðan, hefur verð á matvælum verið hátt áfram í mörgum löndum. Engu að síður hefur verðbólga fyrir matvæli lækkað. Fyrir þau þriggja og sex mánaða tímabil sem enda í febrúar 2009, hafa vísitölur matvælaverðs í mörgum löndum lækkað hraðar.

- Samkvæmt nýlegum niðurstöðum frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem unnar eru úr langtímaspá um fólksfjölda og tekjur, þarf hnattræn matvælaframleiðsla að hafa aukist um 40% árið 2030 og um 70% árið 2050 miðað við það sem var 2005-7. Hægt er að auka verulega við land til landbúnaðar. Bæta mætti um 1.560 milljónum hektara við þá 1,4 milljarð hektara af ræktarlandi sem fyrir eru. Ríflega helmingur tiltæks landrýmis er í Afríku og Rómönsku-Ameríku. Á þessum svæðum er mest af því tiltæka landi sem hentar best fyrir uppskeruframleiðslu sem byggir á regnvatni. En söguleg stækkun ræktanlegs lands hefur gengið

hægt og aukin nýting jaðarlands til framleiðslu kann að fela í sér verulega fjárfestingu og lægri framlegð að meðaltali, auk þess sem slíku getur fylgt kostnaður félagslega og með tilliti til umhverfis.

- Framleiðni uppskeru og búfjár heldur áfram að vaxa samkvæmt langtímaleitni, a.m.k. á afkastamestu svæðunum og verulegur möguleiki er á frekari aukningu á næstu 10-20 árum. Þörf er á þróun og aðlögun nýrrar tækni til hagnast megi á þessum möguleika, en hægt hefur á aukningu opinberra fjárframlaga til rannsókna í landbúnaði. Á mörgum svæðum eins og Mið- og Austur-Evrópu og í Afríku sunnan Sahara, er hægt að auka framleiðni verulega með því að nota tækni sem til er nú þegar með betri aðgangi að aðföngum, þróun innviða og auknum menntunartækifærum.

- Landbúnaður notar ríflega 40% af því vatni sem notað er í OECD-löndum og sú notkun hefur farið vaxandi. Það eru áveitur sem nota 99% af vatnsmagninu og stór þróunarlönd eins og Kína og Indland eru með stærstu svæðin sem veitt er vatni á. FAO spáir því að hægja muni verulega á stækkun áveitusvæða og landbúnaðarframleiðsla í framtíðinni mun í auknum mæli vera skilyrt af aðgangi að vatni.

- Loftslagsbreytingar eru einnig mikilvæg breyta í framtíðarmöguleikum við framleiðslu. Þær munu klárlega auka við áhættuna sem stafar af vatnsálagi sem og tíðni og alvarleika flóða, auk þess að líklegt er að jaðarsvæði framleiðslu muni færast til.

- Að baki þessum tiltölulega jákvæðu horfum fyrir markaði landbúnaðarvara liggur óheillavænlegri saga hungurs og matvælaöryggis um eins milljarðs manna. Matvælaöryggi felst ekki aðeins í því að leysa þá neyð sem ríkir til skamms tíma, heldur einnig að takast á við þau langtímaviðfangsefni að draga úr fátækt og auka hagvöxt. Meiri fjárfesting í landbúnaði, skilvirkari þróunaraðstoð og umbætur á viðskiptum og innanlandsstefnu eru allt hluti af lausninni.

© OECD 2009

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing..

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

